

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest sbr. 4. mgr. svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

Bæjarstjóri ræður lausráðna starfsmenn í samráði við forstöðumenn stofnana eftir reglum, sem bæjarráð setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarféлага.

67. gr.

Bæjarstjórn ákveður með sérstökum samþykktum, hver störf skulu talin föst störf hjá bænum og fyrirtækjum hans, auk þeirra starfa, sem samkvæmt lögum og reglugerðum eru talin föst störf.

## VII. KAFLI

### Gildistökuákvæði

Samþykkt þessari verður ekki breytt nema að undangenginni umræðu á tveimur fundum í bæjarstjórn Hafnar, samþykki meirihluta atkvæða og staðfestingu félagsmálaráðuneytis.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Hafnarhrepps hefur sett, samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast gildi 31. desember 1988, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld samþykkt um stjórn hreppsmála Hafnarhrepps í Austur-Skaftafellssýslu nr. 333/1983.

*Félagsmálaráðuneytið, 15. desember 1988.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Pórhildur Líndal.*

## REGLUGERÐ

### um bann við línuveiðum á Breiðafirði.

1. gr.

Frá og með 1. janúar 1989 til og með 15. febrúar 1989 eru allar línuveiðar bannaðar á svæði, sem markast af eftirfarandi punktum:

1. 65°12' 48 N – 24°34' 41 V
2. 65°21' 37 N – 24°27' 50 V
3. 65°11' 28 N – 23°46' 05 V
4. 65°07' 18 N – 24°14' 04 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 20. desember 1988.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Pórður Eyþórsson.*